



Söngbók

Efnisyfirlit

Sa ramm samm samm	4
Við klöppum öll í einu.....	4
Ein stutt, ein löng	4
Hóký-Póký	4
Pú skalt klappa.....	4
Keli káti karl.....	4
Ding - dong.....	5
Sá ég spóa.....	5
Bangsi lúrir	5
Fimm litlir apar.....	5
Tilfinningablús	5
Kalli litli kónguló	5
Göngum, göngum.....	5
Litirnir	6
Rauði karlinn.....	6
Nafnalag.....	6
Upp á grænum, grænum,	7
Allur matur.....	7
Bangsímon	7
Fiskarnir tveir	7
Bráðum fæðast lítil lömb	7
Nú skal syngja um.....	8
“Druslu-lagið”	8
Krummi krunkar úti.....	8
Fingurnir.....	8
Strætó.....	9
Ég ætla að syngja	9
Fingurnir.....	9
Höfuð, herðar, hné og tær	10
Allir Krakkar	10
Við erum söngvasveinar	10
Dagavísa og mánaðarvísa	10
Skúraský	10
Í leikskóla er gaman.....	11
Bátasmiðurinn	11
Út um mela og móa	11
Hvammur.....	11
Á Sprengisandi	11
Í leikskóla er gaman.....	12
A og b	12
Áður en við kveðjum.....	12
Allir hafa eitthvað til að ganga á	12
Broslagið	12
Aníkuní.....	13
Dagur er risinn	13
Pompulagið	13
Baldursbrá.....	13
Bíum, bíum, bambaló	13
Ausulagið	14
Dalakofinn	14
Dýravísur	14

Ging gang gooli.....	14
Den lille undolat	15
Dómar heimsins.....	15
Hér kemur Lillimann.....	15
Ef þig langar	15
Ég heyri svo vel.....	15
Ef þú ert súr.....	16
Ég er kominn heim	16
Ég, þú, við	16
Ein sit ég og sauma.....	17
Eniga meniga	17
Konkattre kalle.....	17
Fílalagið.....	17
Ferskeytlur.....	18
Framtíð bjarta.....	18
Friðarlagið	19
Fram, fram fylking.....	19
Furðuverk	19
Hér búálfur á bænum er.....	19
Gamli Nói.....	20
Góða tungl.....	20
Gráðug kelling og svangur kall.....	20
Grænmetisvísur	20
Lítill heimur	20
Gunnvísur	21
Hanarnir tveir	21
Það var einu sinni api.....	21
Háttatími á himnum.....	22
Hnátutátublús.....	22
Hresstu þig við.....	22
Hundurinn Húgó	22
Húsamúsarvísa	22
Hvað ætlar þú að verða væni?	23
Upp, upp, upp á fjall.....	23
Hvar er húfan mín?	23
Í rigningu ég syng.....	24
If you're happy and you know it	24
Ísland er land þitt.....	24
Nú tjaldar foldin fríða.....	24
Kisutangó	25
Klappa, klappa nú.....	25
Það besta er lífið býður þér	25
Kvæðið um fuglana	25
Að gæta hennar gildir hér og nú.....	25
Vertu til er vorið kallar á þig	25
La cucaracha	26
Myndin hennar Lísu	26
Lína Langsokkur.....	26
Lítið, lasið skrímsli.....	27
Lofsöngur.....	27
Lýstu, máni	27
Óðurinn til gleðinnar	27

Óskasteinar	28	Grýlukvæði	44
Pálína með prikið	28	Jólasveinar einn og átta	45
Völuvísa	28	Jólasveinar ganga um gólf	45
Rigningardagur í nóvember	28	Frá ljósanna hásal	45
Saknaðarljóð	29	Það á að gefa börnum brauð	45
Sofðu unga ástin mín	29	Skín í rauðar	45
Sigga gamla	29	Litli trommuleikarinn	46
Góða mamma	29	Skreytum hús	46
Sjö litlar mýs	30	Jólasveinarnir	47
Skammarsöngur Soffíu frænku	30		
Vögguvísa	30		
Syngjandi geng ég allsstaðar	31		
Söngur dýranna í Týról	31		
Söngur ræningjanna	32		
Kveikjum eld	32		
Það var einn andarungi	32		
Við gerum okkar besta	32		
Við eigum hvor annan að	33		
Vísurnar um refinn	33		
Lóan er komin	33		
Vögguvísa	34		
Öxar við ána	34		
Það er munur að vera hvalur	34		
Ég nestispoka á baki ber	34		
Það sem ekki má	35		
Signir sól	35		
Maístjarnan	35		
Sól sól skín á mig	35		
Með sól í hjarta	36		
Fylgd	36		
Sólin skín og skellihlær	37		
Sumarkveðja	37		
Undir bláhimni	37		
Við göngum mót hækkandi sól	37		
Út um mela og móa	38		
Skýin	38		
Vorvindar glaðir	38		
Þýtur í laufi	38		
Haust	38		
Vikivakar	39		
Úti er alltaf að snjóa	39		
Krummi svaf í klettagjá	39		
Strengir	40		
Nú er úti norðanvindur	40		
Göngulagið	41		
Nú er frost á Fróni	41		
Þungt ymur Þorrinn	42		
Fimm mínútur í jól	43		
Bráðum koma blessuð jólin	43		
Bjart er yfir Betlehem	43		
Folaldið mitt	44		
Frá borg er nefnist Betlehem	44		

Sa ramm samm samm

∴Sa ramm samm samm∴
Gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm

∴Sa ramm samm samm∴
Gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm

∴Hér er ég, hér er ég
Gúllí gúllí gúllí gúllí gúllí
ramm samm samm∴

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
það líkar okkur vel!
(stöppum, hoppum, grátum, hlæjum,
sofum, hvíslum, smellum o.s.frv)

Ein stutt, ein löng

Ein stutt, ein löng, hringur á stöng
og flokkur sem spilaði og söng.
Köttur og mús og sætt lítið hús,
sætt lítið hús og köttur og mús.
Ein stutt...
Penni og gat og fata sem lak,
fata sem lak og penni og gat.
Ein stutt...
Lítill og mjór og feitur og stór,
feitur og stór og lítill og mjór.
Ein stutt...

Hóký-Póký

Við setjum hægri höndina inn,
við setjum hægri höndina út,
inn, út, inn, út - og hristum hana til.
Við gerum hóký-póký
og snúum okkur í hring.
Þetta er allt og sumt!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Oooó-Hóký-hóký-póký!
Þetta er allt og sumt!

Pú skalt klappa

Pú skalt klappa ef
þú hefur léttu lund,
Pú skalt klappa ef
þú hefur léttu lund,
Pú skalt klappa allan daginn,
svo það heyrir útum bæinn.
Pú skalt klappa ef þú hefur léttu lund.

Settu í staðin fyrir að klappa:
Stappa, smella, banka á höfuðið
og segja jú-hú og í
síðasta erindinu gera allt í röð.

Keli káti karl

Ég heiti Keli káti karl
og kraftajötunn er.
Þegar ég fer út-út,
hrökkva allir í kút-kút.
Ég heiti Keli káti karl,
tra-la-la-la-la-la-la-la

Ding - dong

Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,
ding, dong, sagði lítill grænn froskur.
Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,
og svo líka ding, dong - spojojjojjong!
(Blikka augunum til skiptis)

King, kong, sagði stór svartur api einn dag,
king, kong, sagði stór svartur api.
King, kong, sagði stór svartur api einn dag,
og svo líka king, kong - gojojjojjo!
(Slá með hnefum í bringuna)

Mm, ðð, sagði lítil græn eðla einn dag,
mm, ðð, sagði lítil græn eðla.
Mm, ðð, sagði lítil græn eðla einn dag,
og svo líka mm, ðð - bllrrllrrllrr!
(Reka út úr sér tunguna)

Sá ég spóa

Sá ég spóa suður í flóa.
Syngur lóa út um móa:
"bí, bí, bí, bí"
vorið er komið víst á ný

Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, bangsi lúrir,
bæli sínu í.
Hann er stundum stúrin,
stirður eftir lúrin.
Að hann sofi, að hann sofi
enginn treystir því.

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu uppi í tré,
þeir voru að stríða krókódíl-
"Þú nærð ekki mér!"
Þá kom hann herra Krókódíll, hægt og rólega
- og NAMM! (smjatt-smjatt-smjatt).
Fjórir litlir apar sátu...
(sunguð þar til enginn api er eftir)

Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga - ooohó!
Ég finn það fram í hendur - ooohó!
Ég finn það niður í fætur - ooohó!
Ég finn það upp í höfuð - ooohó!
:;Ég finn það hér og hér og hér og hér
og hér og hér og hér
hvað ég er glöð!
Hér inni í mér! :;
(reið, leið, svöng, þreytt o.s.frv.)

Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló klifraði upp í tré
þá komi rigning og Kalli litli datt.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp,
Kalli litli kónguló klifraðu upp í topp.

Göngum, göngum...

Göngum, göngum, göngum upp í gilið,
gljúfrabúann til að sjá.
Þar á klettasyllu svartu krummi
sínum börnum liggur hjá

Litirnir

Grænt, grænt, grænt
er grasið úti í haga.
Grænt, grænt, grænt
er gamla pilsíð mitt.
Allt sem er grænt, grænt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla Jón á Grund.

Gul, gul, gul
er góða appelsínan.
Gul, gul, gul
er gamla húfan mín.
Allt sem er gult, gult
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð
er rósin hennar mömmu.
Rauð, rauð, rauð
er rjóða kinnin mín.
Allt sem er rautt, rautt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla indíánann.

Svart, svart, svart
er sjalið hennar frænku.
Svart, svart, svart
er litla lambið mitt.
Allt sem er svart, svart
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla svertingjann.

Blátt, blátt, blátt
er hafið bláa hafið.
Blár, blár, blár
er blái himininn.
Allt sem er blátt, blátt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla sjómanninn

Hvít, hvít, hvít
er hvíta snjókerlingin.
Hvít, hvít, hvít
eru skýin sem ég sé.
Allt sem er hvítt, hvítt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla snjókarli

Rauði karlinn

Lag: allir krakkar

Rauði karlinn, rauði karlinn
kallar til þín hér.
Hann biður þig að bíða
best er því að hlýða.
Stans hann segir,
stans hann segir.
Stans og gættu að þér.
Græna karlinn, græna karlinn
krakkar þekkja flest.
Göngumerki gefur
gát á öllu hefur.
Yfir götu öll við göngum
glöð í einni lest.

Nafnalag

:;Nú skulum við segja hvað við heitum:;
Hvað heitir þú?
:;"Jóna", "Jóna", já-já-já:;

Upp á grænum, grænum,

Upp á grænum, grænum himinháum hól
sá ég hér ahjónin ganga.

Hann með trommu

- bomm, bomm, bombarombommbomm!

Hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur byssukarl

sem miðaði í hvelli!

En hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.

Allur matur

Allur matur á að fara

upp í munn og ofan í maga.

Heyrið það, heyrið það!

Svo ekki gauli garnirnar.

Bangsímon

Sit ég hér á grænni grein
og geri fátt eitt annað,
en éta hunang borða ber
og/því bíða/bíta, allt er bannað.

Dropar detta stórir hér,
dropar detta, hvað finnst þér?
Dropar detta allt um kring
og dinga linga ling.

Vatnið vex nú ótt og ótt/títt
ég verð að flýja' úr húsum.
Sit ég hér í alla nótt/Hér sit ég í alla nótt
og borða' úr mínum krúsum.

Dropar detta ofan í poll,
dropar detta á minn koll.
Dropar detta allt um kring,
og dinga, linga, ling.

Fiskarnir tveir

Nú ætlum við að syngja um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo.

Þeir syntu og syntu og syntu um allt

en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Baba, búbú, baba, bú!

Baba, búbú, baba, bú!

Þeir syntu og syntu og syntu um allt

en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru pínulitlir báðir tveir.

Þeir syntu og syntu og syntu um allt

en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Baba, búbú, baba, bú!

Baba, búbú, baba, bú!

Þeir syntu og syntu og syntu um allt

en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Bráðum fæðast lítil lömb

Lag: Fyrr var oft í koti kátt

Bráðum fæðast lítil lömb
leika sér og hoppa
með lítinn munn og litla vömb
lambagrasið kroppa.

Við skulum koma og klappa þeim
kvölds og bjartar nætur
reka þau í húsin heim
hvít með gula fætur.

Fuglarnir sem flýðu í haust,
fara að koma bráðum.
syngja þeir með sætri raust,
sveifla bængjum báðum.
Við skulum hlæja og heilsa þeim,
hjartansglöð og fegin,
þegar þeir koma þreyttir heim
þúsund mílna veginn.
Jóhannes úr Kötlum.

Nú skal syngja um..

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór,
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk.
Mu mu mu, mu mu mu mu mu,
mu mu mu, mu mu mu mu mu,
mu mu mu, mu mu mu mu mu
mu mu mu mu mu.

Nú skal syngja um hænsnin
sem gagga endalaust.
Þau gefa okkur egginn
svo öll við verðum hraust.
Egg egg egg.....
Ga ga ga.....

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt.
Þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull ull ull.....
Me me me.....

"Druslu-lagið"

Við setjum svissinn á
og við kúplum gírnum frá,
það er startað
og druslan fer í gang!
Drun, drun!!
Það er enginn vandi
að aka bifreið,
ef maður bara kemur
henni í gang.
Drun, drun!!

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
"Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn."
:; Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn :
;:

Fingurnir

Pumalfingur, pumalfingur,
hvar ert þú?

Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Langatöng, langatöng, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Litlifingur, litlifingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Vinstri hönd, vinstri hönd, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Hægri hönd, hægri hönd, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég.
Góðan daginn, daginn, daginn.

Strætó

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,
hring, hring, hring,
hring, hring, hring!
Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring
- út um allan bæinn!

Hurðin á strætó opnast út og inn,
út og inn, út og inn!
Hurðin á strætó opnast út og inn
- út um allan bæinn!

Peningarnir í strætó segja klink, kling,
kling,
klink, kling, kling,
klink, kling, kling!
Peningarnir í strætó segja klink, kling, kling
- út um allan bæinn!

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,
bla, bla, bla,
bla, bla, bla!
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla
- út um allan bæinn!

Börnin í strætó segja hía, hía, hía,
hía, hía, hía,
hía, hía, hía!
Börnin í strætó segja hía, hía, hía
- út um allan bæinn!

Bílstjórinn í strætó segir uss, suss, suss,
uss, suss, suss,
uss, suss, suss!
Bílstjórinn í strætó segir uss, suss, suss
- út um allan bæinn!

Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb,
bíb, bíb, bíb,
bíb, bíb, bíb!
Flautan í strætó segir bíb, bíb, bíb
- út um allan bæinn!

Ég ætla að syngja

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru augun,
hérna eru eyrun,
hérna er nebbinn minn
og munnurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna er bringan,
hérna er naflinn,
hérna er rassinn minn
og búkurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru fingurnir,
hérna er höndin,
hérna er olboginn
og handleggurinn.

Ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja,
ég ætla að syngja lítið lag.
Hérna eru tærnar,
hérna er hællinn.
hérna er hnéð á mér
og fótleggurinn hér
Fjóla Ólafsdóttir

Fingurnir

Einn lítill, tveir litlir, þrjú litlir fingur.
Fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur.
Sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur.
Tíu litlir fingur á höndum.

Höfuð, herðar, hné og tær

Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær
Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.
Hnakki, kinnar, haka, háls,
haka, háls.
Hnakki, kinnar, haka, háls,
haka, háls.
Bringa, magi, bak og rass.
Hnakki, kinnar, haka, háls,
haka, háls.

Allir Krakkar

Allir krakkar, allir krakkar
eru í skessuleik.
Má ég ekki mamma?
með í leikinn þamma?
Mig langar svo, mig langar svo
að lyfta mér á kreik.

Allir krakkar, allir krakkar
eru að far út.
Út með skóflu og fötu
en ekki út á götu.
Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara út.

Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara heim.
Heim til pabba og mömmu
líka afa og ömmu.
Allir krakkar, allir krakkar
eru að fara heim.

Við erum söngvasveinar

:; Við erum söngvasveinar á leiðinni' út í
lönd :;:
leikum á flautu, á skógarhorn, á
skógarhorn,
leikum á flautu, fiðlu' og skógarhorn.
Og við skulum dansa hopsasa, hopsasa,
hopsasa,
við skulum dansa hopsasa - HOPSASA!!

Dagavísa og mánaðarvísa

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur, fimmtudagur,
föstudagur og laugardagur,
og þá er vikan búin.

Janúar,
febrúar,
mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst,
september,
október,
nóvember og desember

Skúraský

Með vindinum þjóta skúraský.
::Drípur drop, drop, drop::
Og droparnir hníga
og detta á ný,
::Drípur, drop, drop, drop::

Nú smáblómin vakna
eftir vetrarblund.
::Drípur drop, drop, drop::
Þau augu sín opna
er grænkur grund.
::Drípur drop, drop, drop

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,
þar leika allir saman.
Leika úti og inni
og allir eru með.

Hnoða leir og lita,
þið ættuð bara að vita
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smíða mér bát
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum með færinu næ.

Út um mela og móa

Út um mela og móa
Syngur mjúkrödduð lóa,
Og frá sporléttum spóa
Heyrist sprellfjörugt lag.

Viðlag:

A-a-a hollerahahía,
Hollera,ha,ha,hú,hú,
Hollerahahía, hollera,ha,ha,
Hollerahahía hó.

Út um strendur og stalla,
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
Yfir flóa og fjörð.

Hvammur

Ellert Borgar Garðarsson
Sól skín í heiði og himininn blár
hlýnar í veðri svo þornar hvert tár.
Fuglarnir syngja og fara á kreik
og fagnandi börn út í leik.

Leikskólinn okkar er yndislegt skjól
í ylríkum hvammi við grösugan hól.
Saman við vinnum sem vinir í raun
og vináttan er okkar laun.

Á Hvammi leikum við lífsglöð saman
og lærum margt sem er gagn og gaman.
Á Hvammi göngum við gæfuspor
þar gleðin ríkir og eilíft vor.

Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell,
hér á reiki er margur óhreinn andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
:/: Drottinn leiði drösulinn minn
drjúgur verður síðasti áfanginn. :/:

Þei, þei, þei, þei, þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlegum digrum karlaróm.
:/: Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun. :/:

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga á Herðubreið.
álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.
:/: Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil. :/:

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,
þar leika allir saman.
Leika úti og inni
og allir eru með.

Hnoða leir og lita,
þið ættuð bara að vita
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.

A og b

A og bé
spott og spé,
grísinn galar upp í tré.
Lítil mús
til okkar fús,
kom og byggði hús.

Lamb í baði
borðar súkkulaði.
Hundur jarmar,
galar grísinn hátt.

A og bé
spott og spé,
grísinn galar upp í tré.
Hróp og köll
um víðan völl
og þá er sagan öll.

Áður en við kveðjum

:/: Áður en við kveðjum
og förum öll á flakk. :/
:/: Við okkar góðu-a Gunnu / Kalla
við segjum "Mange tak" :/:

Allir hafa eitthvað til að ganga á

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að
sjá.

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær,
músin hefur margar smáar,
en ormurinn hefur ansi fáar.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að
sjá.

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga
krókóðillinn kjaftinn ljóta,
sá er nú klár að láta sig fljóta.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að
sjá.

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir,
á hnúum hendast aparnir,
á rassinum leppalúðarnir.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að
sjá.

Broslagið

Það er ókeypis að b r o s a
Það er ókeypis að b r o s a
Það er ókeypis að b r o s a
að b r o s a - B R O S A

Aníkuní

:/:Aní-kúní sjá-á-ní:/:
:/:Á-á-á begga-na-a-sja-a-na:/:
:/:Í-í-já-á-ní bísí-dí:/:

Dagur er risinn

Dagur er risinn
rjóður í austri,
raular mér kvæði
þröstur á grein.
Blessuðu tónar,
blessaði dagur,
blessaða veröld
tindrandi hrein.

Sólin er risin
hátt upp á himin,
hlæjandi dagur
þerrar mín tár.
Blessað sé ljósið
lífjafinn mildi,
lofaður veri
himininn blár.

Ég elska lífið,
ljósið og daginn,
lofgjörð um heiminn
fagnandi syng.
Blessað sé lífið,
blessað sé ljósið,
blessaðir morgnar
árið um kring.

Pompulagið

:/: Ég pompa á bossann í skólanum :/
Ég pompa á bossann en iss iss iss iss siss
með það.
Ég pompa á bossann en stend upp og held
af stað

Baldursbrá

Líttu á, baldursbrá
grær í götu bakka.
Dúrí, dúrí, domm, domm, domm.
Kætir litla krakka.

Litli Jón, lítið flón
slítur baldursbrána.
Dúrí, dúrí, domm, domm, domm.
Köllum strákinn Kjána.

Bíum, bíum, bambaló

Bíum, bíum, bambaló,
bambaló og dilli-dilli-dó.
Vini mínum vagga ég í ró,
en úti bíður andlit á glugga.

Þegar fjöllin fimbulhá
fylla brjóst þitt heitri þrá,
leika skal ég langspil á;
það mun þinn hugann hugga.

Þegar veður geisa grimm,
grúfir yfir hríðin dimm,
kveiki ég á kertum fimm,
burt flæmi skamdegisskugga.

Ef þér sultur sverfur að,
sauðakjöt ég hegg í spað,
fljótt svo standi full með það
tunna hver, dallur og dugga.

Ef þig langar eitthvert sinn
ögn að smakka góðfiskinn,
fram ég sendi flotann minn:
skínandi skútur og kugga.

Hjá mér bæði hlíf og skjól
hafa skaltu, ef illskufól
flærðir með um foldarból
læðast og launráð brugga.

Ausulagið

Einn var að smíða ausutetur
annar hjá honum sat
sá þriðji kom og bætti um betur
og boraði á hana gat.
Hann boraði á hana eitt
hann boraði á hana tvö
hann boraði á hana þrjú og fjögur,
fimm og sex og sjö.

Dalakofinn

Vertu hjá mér, Dísu, meðan kvöldsins
klukkur hringja
og kaldir stormar næða um skóg og
eyðisand;
þá skal ég okkur bæði yfir djúpið dökka
syngja
heim í dalinn, þar sem ég ætla að byggja
og nema land.

Kysstu mig ... kysstu mig. Þú þekkir
dalinn, Dísu,
þar sem dvergar búa í steinum, og vofur
læðast hljótt
og hörpusláttur berst yfir hjarn og bláa
ísa,
og huldufólkið dansar um störnubjarta
nótt.

Og meðan blómin anga og sorgir okkar
sofa,
er sælt að vera fátækur, elsku Dísu mín,
og byggja sér í lyngholti lítinn dalakofa
við lindina, sem minnir á bláu augun þín.

Ég elska þig; ég elska þig og dalinn, Dísu,
og dalurinn og fjöllin og blómin elska þig.
Í norðri brenna stjörnur, sem veginn
okkar vísa,
og vorið kemur bráðum... Dísu kysstu mig.

Dýravísur

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Verður ertu víst að fá
vísu, gamli Jarpur.
Aldrei hefur fallið frá
frækilegri garpur.

Þá var taða, þá var skjól
þá var fjör og yndi.
Þá var æska, þá var sól
þá var glatt í lyndi.

Gefðu ungum gæðingum
græna tuggu á morgnunum.
Launa þeir með léttfærum
lipru, sterku fótunum.

Taktu eftur tittlingum,
trítla þeir á klakanum.
Metta þá af molunum,
mað' r af ríku borðunum.

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Ging gang gooli

:/: Ging gang gooli gooli gooli gooli watcha
ging gang goo ging gang goo:/:
:/: Heyla heila sheyla,
heyla shey la hey la ho:/:
Shali walli shali walli shali walli shali walli,
ompah, ompah.

Den lille undolat

Jeg er en lille undolat
jeg har så ondt í min mave
for dem jeg bor hos
for dem jeg bor hos
de er så nærig,
de giver mig sild hver eneste dag
men det vil jeg ikke have
for jeg vil heller
for jeg vil heller
have coca-cola og is.

Dómar heimsins

:/: Dómar heimsins dóttir góð :/
:/: munu reynast margvíslegir. :/:

:/: Glímdu sjálf við sannleikann
:/: hvað sem hver segir.:/:

:/: Gakktu einatt eigin slóð :/
:/: hállir eru hversmannsvegir. :/:

:/: Skeyttu ekki um boð né bann :/
:/: hvað sem hver segir.:/:

:/: Inn í brjóst þitt ein og hljóð :/
:/: rýndu fast ef röddin þegir.:/:

:/: Treystu á þinn innri mann
:/: hvað sem hver segir.:/:

Hér kemur Lillimann

Hér kemur Lillimann klifurmús
sem kæti ber inn í sérhvert hús,
en regluleg söngva og músíkmús,
og meistaragítarsláttumús.
Trallalalala trallalalala
trallalalalalala-la-la-la!

Ef þig langar

Ef þig langar að syngja þinn söng,
er söngvastundin að renna upp núna.
Enginn syngur þann söng í þinn stað.
Á morgun er orðið til söngs of seint,
við syrgjum þau ljóð sem í þögnina dóu.
Svo settu nú ekki þinn söng á frest,
heldur syngdu hann nú! Það er best.

Ef þú, vinur, átt örlitla ást
er ástarstundin að renna upp núna
og enginn mun elska í þinn stað.
Að elska á morgun er allt of seint
og ónýt hver löngun sem fékk ekki að
rætast.

Svo sláðu því ást þinni ekki á frest
heldur elskaðu nú! Það er best.

Ef þig langar að njóta þíns lífs
eru lífsins stundir að renna upp núna.
Enginn lifir því lífi í þinn stað.
Að lifa á morgun er löngu of seint,
menn láta sér fátt þótt þú ætlir og viljir.
Svo láttu ekki slá þínu lífi á frest
heldur lifðu því nú! Það er best.

Ég heyri svo vel

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa,
heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér,
þú finnur það vel, þú kemur nær mér,
þú finnur það vel, allt fæðist í þér,
andlitin lifna
og húsin dansa
og vindurinn hlær.

Ef þú ert súr

Ef þú ert súr, vertu þá sætur.
Sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta brosað,
geta' í hláturböndin tosað,
geta hoppað, hlegið, sungið
endalaust.

Ef þú ert fýldur, þá líkistu apa,
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Ef þú ert illur, þá líkistu nauti
eða eldgömlum potti með viðbrenndum
grauti.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu' á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Ég er kominn heim

Hér stóð bær með burstir fjórar
hér stóð bær á lágum hól.
Hér stóð bær, sem bernskuminning
vefur bjarma af morgunsól.

Hér stóð bær með blóm á þekju,
hér stóð bær með veðruð þil.
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó.
Kominn heim að heilsa mömmu,

kominn heim í leit að ró.
Kominn heim til að hlusta á lækinn
sem hjalar við mosató.
Ég er komin heim í heiðardalinn.
Ég er komin heim með slitna skó.

Hér stóð bær sem hríðin barði,
hér stóð bær sem veitti skjól.
Hér stóð bær sem pabbi byggði
undir brekku á lágum hól.

Hér stóð bær sem blíðust móðir
vígði bæn og kærleiksyl.
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er komin heim ...

Ég, þú, við

Ég get sungið, ég get dansað
ég get flogið því ég er frjálst
ég get elskað, ég get faðmað
allan heiminn af kærleika.

Ég er falleg, ég er örugg
ég get brosað af kærleika
ég er elskuð, ég er föðmuð
ég er einstök eins og ég er.

Ég vil þakka, þakka Guði
fyrir lífið eins og það er
ég get treyst því full af gleði
ég er frábær eins og ég er.

Ég vil lifa og fyrirgefa
öllum mönnum í heimi hér
og Guði þakka lífið
ég er einlæg, ég er ég.

Þú getur sungið...
Við getum sungið...

Ein sit ég og sauma

Ein sit ég og sauma
inní litlu húsi.
Enginn kemur að sjá mig
nema litla músin.
Hoppaðu upp og lokaðu augunum.
Bentu í austur,
bentu í vestur.
Bentu á þann sem að
þér þykir bestur.

Eniga meniga

Eniga meniga, allir rövla´ um peninga.
Súkkadí púkkadí, kaupa meira fínerí.
Kaupæði, málæði,
er þetta ekki brjálæði?

Eitthvað fyrir alla, konur og kalla,
krakka með hár og kalla með skalla.
Eitthvað fyrir krakka,
káta krakkalakka
sem kostar ekki neitt, þú krækir
bara í pakka.
Eða fyndinn frakka.
Eða feitan takka.

Eniga meniga, ég á enga peninga.
Súkkadí púkkadí, en ég get sungið fyrir
því.
Sönglandi, raulandi
með garnirnar gaulandi.

Eitthvað fyrir alla.....

Konkattre kalle

:/: Kon-kattre-kalle-ró-fafí-kalla-dú :/
:/: Kallama-kallama-kallaminiskilima
kalla-misk-mask
maskelí-júskelíja-skaladú :/:

Fílalagið

Ég þekki feitan fíl. Ég þekki feitan fíl.
sem segir tu-u-u-u-u-
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott, brott, brott, brott,
brott.
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott.

Ég þekki flugflón.
Ég þekki flugflón,
sem segir s-s-s-s-s.
Ef hún horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott, brott, brott, brott,
brott.
Ef hún horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott.

Ég þekki kátan kött.
Ég þekki kátan kött
sem segir mjá.
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott, brott, brott, brott,
brott.
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott.

Ég þekki haltan hund.
Ég þekki haltan hund
sem segir voff.
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott, brott, brott, brott,
brott.
Ef hann horfir á mig verð ég hrædd
og hleyp á brott
En maginn á herra krókódíl var orðinn
svona stór.

Ferskeytlur

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður í bæi.
Sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.

Afi minn og amma mín
úti á Bakka bú.
Þau eru bæði sæt og fín
þangað vil ég fljúga.

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan glugga;
þarna siglir einhver inn
ofurlítill dugga.

Sigga litla systir mín
situr út í götu
er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Fuglinn segir bí, bí ,bí
bí, bí segir Stína.
Kveldúlfur er kominn í
kerlinguna mína.

Kristín litla, komdu hér
með kalda fingur þína.
Ég skal bráðum bjóða þér
báða lófa mína.

Klappa saman lófunum
reka féð úr móunum
vinna sér inn bita
láta ekki hann þabba víta.

Litla Jörp með lipran fót
labbar götu þvera.
Hún skal seinna á mannamót
mig í söðli bera.

Tunglið, tunglið taktu mig,
og berðu mig upp til skýja.
Þar situr hún móðir mín
og syngur lofgerð nýja.

Klappa saman lófunum,
reka féð úr móunum,
röлта á eftir tófunum,
tína egg úr spóunum

Nú er úti veður vont
verður allt að klessu.
Ekki fær hann Grímur gott
að gifta sig í þessu.

Rúnki fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
hann lét klárinn brokka.

Framtíð bjarta

Okkar er kjarkurinn og kurteisinn
frábær sál og fegurðin
Stórkostlegir einstaklingar
Svakalegir snillingar
Við æfum okkur allan daginn
svo okkur gangi allt í hagin
því æfingin skapar meistaran
er stolt/ur af öllu sem ég kann

Þú ert þú og ég er ég
Saman göngum lífsins veg
Hjálpumst að ef bjátar á
vonum og þráum við skulum ná
Brosandi er andi minn
Með opnum örmum gleði finn
Hamingjusöm hjörtu
fagna framtíðinni björtu

Friðarlagið

Hve marga leikskóla þarftu að fara á
áður en þú finnur þinn stað?
Já, þar sem að gleði og vinátta er,
þar sem þér getur liðið vel.
Já, gleði og vinátta haldast í hönd
og vinkonur/vinir erum við hér.

Svarið mín kæra/minn kæri
er: „komdu á Holt„!
Já, svarið er;
„komdu á Holt„!

Friður sé með þér í leik og starfi
og vertu ætíð mjög glöð.
Það auðveldar allt sem þú ætlar að fást
við
og gefur þér innri frið.
Gleði, jákvæðni og kærleikur
er jú allt sem þú þarft.

Svarið mín kæra/minn kæri
er: „komdu á Hjalla„!
Já, svarið er;
„komdu á Hjalla„!

Fram, fram fylking

Fram, fram fylking,
forðum okkur háska frá,
því ræningjar oss vilja ráðast á.
Sýnum nú hug,
djörfung og dug.
Vaki, vaki vaskir menn,
því voða ber að höndum.
Sá er okkar síðast fer
sveipast hörðum böndum.

Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru,
ég á lítið skrýtið nef,
ég á augabrúnir, augnalok
sem lokast þegar ég sef,
ég á kinnar og varir rauðar
og á höfði hef ég hár
eina tungu og tvö lungu
og lengst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk
algjört furðuverk
sem að guð bjó til.
(lítið samt ég skil)

Ég á tennur og blóð sem rennur
og hjarta sem að slær
tvær hendur og tvo fætur
tíu fingur og tíu tær
ég get gengið, ég get hlaupið
ég kann að tala mannamál
ég á bakhlið, ég á framhlið
og heila sem er klár.

Í heilanum spurningum
ég velti fyrir mér
og stundum koma svörin
svona eins og af sjálfu sér
en samt er margt svo skrítið
sem ég ekki skil
en það gerir ósköp lítið til
því mér finnst gaman að vera til.

Hér búálfur á bænum er

Hér búálfur á bænum er
á bjálkalofti í dimmunni.
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.
Hann stappar fótum, hoppar hátt
og haframjölið étur hrátt.
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu

Gamli Núi

Gamli Núi, gamli Núi
guðhræddur og vís,
mikils háttar maður,
mörgum velviljaður.
Þótt hann drykki,
þótt hann drykki,
þá samt bar hann prís.

Aldrei drakk hann,
aldrei drakk hann
of mikið í senn.
Utan einu sinni
á gabb trúi' ég rynni.
Glappaskotin,
glappaskotin
ganga svo til enn.

Góða tungl

Góða tungl um loft þú líður,
ljúft um skýja silfurskaut.
Eins og viljinn alvalds býður
eftir þinni vissu braut.
Öllum þreyttum
ljós þitt ljáðu
lýst ' um glugga sérhvern inn,
lát í húmi hjörtun þjáðu
huggast blítt við geislann þinn.

Gráðug kelling og svangur kall

Gráðug kelling hitaði sér velling
og borðaði (namm, namm, namm)
síðan sjálf (jamm, jamm, jamm)
af honum heilan helling.

Svangur kallinn varð alveg dolfallinn
og starði svo (sko, sko, sko)
heilan dag (o, ho, ho)
ofan í tóman dallinn.

Grænmetisvísur

Þeir sem bara borða kjöt
og bjúgu alla daga
þeir feitir verða' og flón af því
og fá svo illt í maga.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og hrámeti
Þá fá allir nettan maga
menn þá verða alla daga
eins og lömbin ung í haga
laus við slen og leti.

Sá sem fá vill fisk og kjöt
hann frændur sína étur
og maginn sýkist molnar tönn
og melt hann ekki getur.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og tómata.
Hann verður sæll og viðmótsljúfur
og vinamargur, heilladrjúgur
og fær heilar, hvítar tennur
heisu má ei glata.

Lítill heimur

Þar er gott að vera sem gleðin býr,
þar sem gerast sögur og ævintýr,
svona er veröldin okkar
sem laðar og lokkar
svo ljúf og hýr.

Lítill heimur ljúfur, hýr
lítill heimur ljúfur, hýr
lítill heimur ljúfur, hýr
eins og ævintýr.

Gunnuvísur

Hvað vill hún Gunna með gamlar spýtur
og glás af nöglum í stórrí krús?
Í rifnum buxum og rjóð í kinnum
hún rokast með þetta á bak við hús.

Í einu horni í arfabeði
ætlar hún Gunna að byggja höll,
með hundrað gluggum og háum turnum
svo hafi hún útsýni um dal og fjöll.

Er hún bing-bæng, dít-dæng,
klikkedí-klikkedí klíng-klæng,
er hún Gunna orðin svona glúrin?
Bing-bæng, dít-dæng,
klikkedí-klikkedí klíng-klæng,
er hún Gunna orðin svona

ofboðslega

klíng-klæng klár?

Svo hamast Gunna með hamar þungan
og hittir oftast á réttan stað,
og þó að fingurnir þvælist undir
þá þýðir ekkert að fást um það.
Að bíta á jaxlinn og bölvu í hljóði
er besta ráð fyrir hallarsmið,
og Gunna syngur með sára fingur
og sagar áfram og út á hlið.

Er hún bing-bæng, dít-dæng.

AbraKadabra! Í arfabeði
upp rís nú draumahöllin fín
og teygir angana út og suður
og inn um gluggana sólin skín.
Og montin loks upp á mæni situr
hin mikla prinsessa af Arfahöll.
Því Gunna er frábær og fingravitur,
nú fögnum, lát heyra húrraköll!

Er hún bing-bæng, dít-dæng...

Hanarnir tveir

:/: Heyrist gal hanans svarta
verður dimmt og deginum lýkur :/
:/: En er rauða hanans glymur gal
þá glaðnar og nóttin víkur :/:

Syng, enginn mun heyra.

Taktu vindur minn söng sem engu
nær eyra.

Syng, hvað get ég meira.

Vindinum eigna ég söng minn sem
engir heyra.

:/: Og þeir mættust í hólmgöngu harðri,
í húfi var líf eða dauði :/:

:/: Svarti haninn með spora og hlíf,
en hugrekkið eitt á sá rauði :/:

Syng, enginn mun heyra...

:/: Svarti hani hrósaðu sigri,
þú veist ekki dóm þinn að vonum :/
:/: Sá rauði að síðustu sigra mun,
því sólin stendur með honum :/:

Syng, enginn mun heyra...

:/: Svarti fugl flærðar og svika,
frá gulli er kominn þinn kraftur :/
:/: En rauði haninn þig hræðist ei,
þið hittist fljótlega aftur :/:

Syng enginn mun heyra...

Það var einu sinni api

Það var einu sinni api
í ofsa góðu skapi
hann þoldi ekki sultinn
og fékk sér banana
Bananana!! Bananana!!
Bananana og bananana og bananana!!

Háttatími á himnum

Hvað gerir sólin þegar hún sest á kvöldin?
Háttar litlu geisla
oní himnasængina
og fyrir stóru gluggana
hún dregur stjörnutjöldin,
það gerir sólin á kvöldin.

Hvað gerir tunglið þegar það tekur völdin?
Hristir silfurhattinn sinn
svo hrynur úr 'onum draumurinn
og sáldrast yfir koll og kinn
er sefur barnafjöldinn,
það gerir tunglið á kvöldin.

Hnátutátublús

Hnátutátan vaknaði og núna vakna ég
og núna vakna allir hér á sama veg.
o ho ho ho ho ho hnátutátublús.
Hnátutátu, hnátutátu, hnátutátu,
hnátutátu - BLÚS.

Hnátutátan klappaði / stappaði / spilaði /
smellti /
dansaði / hoppaði / sofnaði ...

Hresstu þig við

Hresstu þig við - liðkaðu lið,
dúddelídú - dúddelídú.
Laust og létt - liðugt og þétt
dúddelídú - dúddelídú.
Láttu nú hendurnar hraðara ganga,
hreyfðu nú á þér skankana langa.
Dúddelídú - dúddelídú,
við byrjum aftur nú.

Hundurinn Húgó

Ég á hundinn Húgó,
hann er aldrei púkó
hann er vinur á fjórum fótum.
Með eyru sem lafa
og augu sem hafa
tryggðina á tærum nótum.
Við förum í leiki -- það finnst okkur gaman
og finnum sannleika þann,
að eitthvað tengir í einlægni saman
frá upphafi hund og mann.

Ég elska hann Húgó
sem aldrei er púkó
og alltaf svo blíður í lund.
Því er ég svo glaður,
það á enginn maður
á Íslandi tryggari hund.

Við hlaupum í morgunsins heilnæma svala
og höfum á frelsinu skyn.
Ég horfi inn í augun á Húgó og tala
við hann sem minn kærasta vin.

Ég elska hann Húgó
sem aldrei er púkó
og alltaf svo blíður í lund.
Því er ég svo glaður,
það á enginn maður
á Íslandi tryggari hund.

Húsamúsarvísa

Ég er heldri húsamús
hefi allt sem þarf til bús,
magál bæði og bringukolla,
bústin krof og sperðla holla.
Fæ mér bita og bita í senn,
bragðgott er það viti menn.
Uni við það alla daga,
enda hef ég góðan maga.

Hvað ætlar þú að verða væni?

Hvað ætlar þú að verða væni?
voða ertu orðin stór,
allir spyrja einum rómi,
eilíft hljómar þessi kór.
Almáttugur en sú mæða
ég get ekki svarað því
ferðalangur, fuglahræða
flibbanaut í sumarfrí.

"Ertu ekki með öllum mjalla"
æpir Lóa frænka,
læknir eða listaskáld með
yfingreiddan skalla,
stærðfræðingur, stórkaupmaður,
margt er hægt að bralla.
Við businessmanni brosir framtíð
björt á Íslandi.

Á skrifstofu hann pabbi vinnur
skömmin er svo líkur mér.
Í yfirvinnu, næturvinnu (16 tímar)
er hann bara í huga mér.

"Ertu ekki með öllum mjalla"...

Í blóðbankanum mamma vinnur
á kvöldin er hún oft svo þreytt.
Þegar ég er orðinn stór
þá ætla ég ekki að gera neitt.

"Ertu ekki með öllum mjalla"...

Upp, upp, upp á fjall

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
alveg nið' r á tún.

Hvar er húfan mín?

Hvar er húfan mín?
Hvar er hempan mín?
Hvar er falska gamla fjögra gata flautan
mín?
Hvar er úrið mitt?
Hvar er þetta og hitt?
Hvar er bláa skyrtnan, trefillinn og beltið
mitt?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu þvottaskál?
Sérðu þráð og nál?
Sérðu hnífinn, sérðu diskinn og mitt
drykkjarmál?
Sérðu pottana og selgarnsspottana?
Sérðu heftið, sem ég las um
hottintottana?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu töskuna?
Sérðu flöskuna?
Sérðu eldinn, sérðu reykinn
Sérðu öskuna?
Hvar er peysan blá?
Hvar er pyngjan smá?
Hvar er flísinn, sem ég stakk í mína
stórutá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Hvar er hárgreiðslan?
Hvar er eldspýtan?
Hvar er Kasper, hvar er Jesper, hvar er
Jónatan?
Þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má.
Hvar er kertið, sem við erfðum henni
ömmu frá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Í rigningu ég syng

:/: Í rigningu ég syng :/
Það er stórkostlegt veður
og mér líður svo vel.
Þumlar upp...
:/: atjúttítja atjúttítja atjúttítja tja :/:

Í rigningu ég

Arma að.....
Fætur inn.....
Rassinn út.....
Á öðrum fæti.....
Tungan út.....

If you´re happy and you know it

If you´re happy and you know it
clap your hands.
If you´re happy and you know it
clap your hands.
If you´re happy and you know it
and you really want to show it.
If you´re happy and you know it
clap your hands.

If you´re happy and you know it
stap your feet ...

If you´re happy and you know it
snap your fingers ...

If you´re happy and you know it
knock your head ...

If you´re happy and you know it
say juhu ...

If you´re happy and you know it
do all five ...

Ísland er land þitt

Ísland er land þitt og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér hvar sem þú fer.
Ísland er landið sem ungan þig dreymir.
Ísland í vonanna birtu þú sér.
Ísland í sumarsins algræna skróði.
Ísland með blikandi norðljósatraf.
Ísland er feðranna afrekum hlúði.
Ísland er foldin sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir.
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
Íslensk er lind sem um æðar þér
streymir.
Íslensk er vonin af bjartsýni full.
Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.
Íslensk er lundin með karlmennsku þor.
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
Íslandi helga þú krafta og starf.
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
íslenska moldin er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér eilífi faðir.
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

Nú tjaldar foldin fríða

Nú tjaldar foldin fríða,
sinn fagra blómasal.
Nú skal ég léttur líða
um lífsins táradal.
Mér finnst oss auðnan fáí
þar fagra rósabraut.
Þótt allir aðrir sjái
þar aðeins bölg og þraut.

Kisutangó

Mín kisa á vökul eyru
og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni
hún sleikir oft og þvær.

Hún unir dátt við leiki
og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi
á svo fimar tær.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
hún teygir sig og reigir
og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
ég trúað gæti að margir
vildu eiga slíkan kött!
Tra - lala-lala-la - mjá-á-á.

Klappa, klappa nú

:/: Klappa, klappa nú,
klappa saman lófum. :/
La la la la la la la
la la la la la la
la la la la la la la
klappa saman lófum.

:/: Stappa, stappa nú,
stappa niður fótum. :/
la la la la la la
la la la la la
la la la la la la
stappa niður fótum.

Það besta er lífið býður þér

Það besta er lífið býður þér,
er bjartsýni, von og trú.
Og ástin sem af öllu ber,
er öðlast getur þú.

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængja þyt,
um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið englar guðs í paradís.

Að gæta hennar gildir hér og nú

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð sem geyma gleði og sorg
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál
þar vex og grær og dafnar okkar mál,
að gæta hennar gildir hér og nú
það gerir enginn nema ég og þú.

Vertu til er vorið kallar á þig

Vertu til, er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

La cucaracha

La cucaracha,
la cucaracha.
Ya no puede caminar,
porque no tiene,
porque le falta
una patita de atras.

Endurtekið eins í annað sinn nema síðasta
línan breytist í;
dos patita de atras.

Endurtekið eins í þriðja sinn nema síðasta
línan breytist í;
tres patita de atras.

Endurtekið eins í fjórða sinn nema síðasta
línan breytist í;
quatro patita de atras.

Lausleg þýðing:
Kakkalakkinn getur ekki gengið
því hann vantar einn fót/tvo fætur osfr.

Myndin hennar Lísu

Gult fyrir sól, grænt fyrir líf.
Grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.
Hvítt fyrir börn, sem biðja um frið,
biðja þess eins að mega lifa eins og við.
Er ekki jörðin fyrir alla?

Taktu þér blað, málaðu á það
mynd þar sem allir eiga öruggan stað.
Augu svo blá, hjörtu sem slá,
Hendur sem fegnar halda frelsinu á.
Þá verður jörðin fyrir alla.

Lína Langsokkur

Hér skal nú glens og gaman
við getum spjallað saman
Gáum hvað þú getur,
vinur, gettu hver ég er!
Verðlaun þér ég veiti
ef að veistu hvað ég heiti.
En vaðir þú í villu
þetta vil ég segja þér:

Hér sérðu Línu Langsokk
tralla hopp, tralla hei, tralla hopsasa.
Hér sérðu Línu Langsokk,
já líttu það er ég.

Og þú sérð minn apa
minn sæta, fína litla apa.
Herra Níels heitir
já hann heitir reyndar það.
Hérna höll mín gnæfir
við himin töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri
eða frægðarmeiri stað.

Hér sérðu Línu Langsokk.....

Þú höll ei hefur slíka,
ég á hest og rollu líka
og kúfullan af krónum
einnig kistil á ég mér.
Verið allir vinir -
velkomnir - einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið
nú skal líf í tuskum hér.
Hér sérðu Línu Langsokk.....

Lítið, lasið skrímsli

Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuklút.
Ég er orðinn upplitaður,
ég er orðinn voða sljór.
Ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef?

Augun mín, þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg,
og ég held að aldrei aftur
muni á mér vaxa skegg.
Ó, mamma, elsku mamma,
nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ormum,
annars kemst ég ekki á stjál!

Skrímsli eru eins og krakkar ...

Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuklút.

Ég er orðinn upplitaður
ég er orðinn voða sljór,
ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar ...

Lofsöngur

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð,
vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar tímanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár
og þúsund ár dagur ei meir
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.
Íslands þúsund ár, Íslands þúsund ár
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

Lýstu, máni

Lýstu, máni, um laufgaða skóga,
litla bæinn við Kirjálaflóa,
þar sem ég undi við æskuleik
alsæll og glaður við björk og eik.

Örlög báru mig fósturjörð fjarri
föður, móður og unnustu kærri.
Berðu mig, máni, um bláan geim,
birta þín lýsir mér veginn heim.

La, la, la ofr.

Óðurinn til gleðinnar

Fagra gleði, guða logi,
Gimlis dóttir, heill sé þér.
Í þinn hásal, hrifnir eldi,
heilög gyðja komum vér.
Þínir blíðu töfrar tengja,
tískan meðan sundur slær;
allir bræður aftur verða
yndisvængjum þínum nær.

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina
faldi þá alla vildi þeim leyna,
huldi þar í hellisskúta heilla steina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Pálína með prikið

Pálína með prikið
potar sér gegnum rykið,
rogast hún með rjóma, rembist hún með
smjör.

Þetta verður veisla, vítamín og fjör.
Pálína með prikið.

Pálína með pakkann
þjakkar heim allan bakkann.
Vertu ekki vond þótt vísan sé um þig.
Pálína með pakkann, passar fyrir mig.
Pálína með pakkann.

Völuvísa

Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey,
enda skaltu börnum þínum kenna fræði
mín,
sögðu mér það álfarnir í Suðurey,
sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,
sögðu mér það gullinmura og gleymmérei,
og gleymdu því ei:
Að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,
honum verður erfiður dauðinn.

Rigningardagur í nóvember

Ég vil mála dægrið blá,
marga sólargeisla sjá,
lita bæði ljós og skugga,
láta eitthvað við mér stugga,
horfa út um opinn glugga.
Ég vil mála dægrið blá.

Ég vil mála dægrið gul,
minnast ekki á næturkul,
eiga í önnur hús að venda,
almanaki gömlu henda,
trúa að regnið taki enda.
Ég vil mála dægrið gul.

Ég vil mála dægrið rauð,
muna náttúrunnar auð,
sóleyjar og fjólur finna,
fífil, smárablóm og vinna,
því að mörgu þarf að sinna.
Ég vil mála dægrið rauð.

Ég vil mála dægrið græn,
mild og hlý og fagurgræn,
kveikja kertaljós í stjökum,
kætast, gleyma undirhöfum,
ná á spegli nýjum tókum.
Ég vil mála dægrið græn.

Ég vil mála dægrið hvít,
margvísleg, til einhvers nýtt,
þurka af og þvo og bóna,
þrífa og þússa gömlu skóna,
hlusta á forna og fræga tóna.
Ég vil mála dægrið hvít.

Ég vil mála dægrið ljós,
meta aftur gamalt hrós.
Nú með stakri stundarhlýju,
styttir upp um klukkan tíu.
Þurr er nóvember að nýju.
Ég vil mála dægrið ljós.

Saknaðarljóð

Hljótt er nú í húsum inni.
Harmur býr í allra sinni.
Hvar er litla Píla pína?
Sárt er að missa sína.

Burt hún hvarf og brekkan grætur
birtist mér í draumi um nætur.
Vesalings Píla pína,
sárt er að missa sína.

Músaguð við hættum hlífi
henni, sé hún enn á lífi.
Grætt ég, litla Píla pína.
Sárt er að missa sína.

Rætast óskir hennar heitar,
hún það finni sem hún leitar.
Komdu aftur, Píla pína!
Sárt er að missa sína.

Sofðu unga ástin mín

Sofðu, unga ástin mín.
Úti regnið grætur.
Mamma geymir gullin þín,
gamla leggi og völuskrín.
Við skulum ekki vaka' um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit
minn er hugur þungur.
Oft ég svartan sandinn leit
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt
seint mun best að vakna.
Mæðan kenna mun þér fljótt,
meðan hallar degi skjótt
að mennirnir elska, missa, gráta' og
sakna.

Sigga gamla

Þetta er sagan af Siggu gömlu
sem seldi blöðrur á hátíðum,
fullar af gasi, gular, rauðar
grænar, bláar í smáspottum.
Uns dag einn hún tók með sér of margar
blöðrur
samt vildi hún ei sleppa og sveif upp frá
jörðu.

Hátt yfir húsunum sveif hún Sigga
og stefndi beint upp í himininn.
Fuglarnir sögðu henni "Farðu niður"
og sumir settust á pilsfaldinn.
Uns kom hún að tunglinu og tunglið það
hló,
það hafði aldrei séð svona götótta skó.

Og tunglið það rétti fram gular hendur
og greip í Siggu þar sem hún flaug,
setti hana á magann og spurði hvort að
hún væri amerísk galdraflaug.
En Sigga hún kjökraði: "Mig langar niður
Ég ætlaði alls ekki að ónáða yður ..."

Og tunglið það gaf henni stein í fangið
og sagði "Stökktu nú niður á við"
Og Sigga hún sveif eins og karl í fallhlíf
og kom loks niður á mitt torgið.
Og fólkið það klappaði og æpti af kæti
svo Sigga varð hálfhrædd við öll þessi
læti.
Þetta var sagan af Siggu gömlu
sem seldi blöðrur á hátíðum.

Góða mamma

Góða mamma, gef þú mér
góða mjólk að drekka.
Ég skal vera aftur þér
elsku barnið þekka

Sjö litlar mýs

Sjö litlar mýs sátu í hóp
er síðkvöld út í garðinn ég fór.
Eruð þið ekki hræddar, undrandi ég spurði
en undireins þær svöruðu í kór.

Allar saman nú. Einn tveir, þrír.
Nei, við ætlum að vera svo ósköp þæg og
góð
svo allir geti haft það gott hjá músapjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Þá heyrðist hvísl en kyrrar sátu mýsnar
er kisuhópur framhjá þeim fór.
Ég spurði: Ætlið þið kisu að éta litlu
mýsnar
en undireins þær svöruðu í kór.

Allar saman nú. Einn tveir, þrír.
Nei, við ætlum að vera svo ósköp þæg og
góð
svo allir geti haft það gott hjá kattapjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Ég fór inn í hús og hitti börn sem voru
að hjálpa mömmu glaðleg og rjóð.
Ég spurði: Eruð þið hætt að hrekkja og
vera óþekk
og hýr og glöð þau sungu þetta ljóð.

Allir saman nú. Einn tveir, þrír.
Nei, við ætlum að vera svo ósköp þæg og
góð
svo allir geti haft það gott hjá vorri þjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Skammarsöngur Soffíu frænku

Ja fussum svei, ja fussum svei,
mig furðar þetta rót.
Í hverju skoti skúm og ryk
og skran og rusl og dót,
en Jesper skal nú skítinn þvo
og skrapa óhroðann
og hann má því næst hlaupa út
að hjálpa Jónatan.

En Kasper brenni kurla skal
og kynda eldinn vel,
af heitu vatni hafa nóg
ég heldur betra tel.
Því Jesper bæði og Jónatan
senn ég í baðið rek
og vilji þeir ei vatnið í
með valdi þá ég tek.

Því andlit þeirra eru svört,
já, eins og moldarflag,
og kraftaverk það kalla má
að koma þeim í lag.
Ef sápa ekki segir neitt
ég sandpappír mér fæ
og skrapa þá og skúra fast
uns skítnum burt ég næ.

Vögguvísa

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.

Syngjandi geng ég allsstaðar

Syngjandi hér, syngjandi þar,
syngjandi geng ég allsstaðar
sí og æ, æ og sí,
aldrei fæ ég nóg af því.

:/: Einu sinni ég átti kú. :/
Hún sagði ekki mö, heldur ba, ba, bú.
Já, býsna skrýttin var kýrin sú.

Syngjandi hér ...

:/: Einu sinni ég átti geit. :/
Hún fékkst aldrei til að fara á beit,
því feimin hún var og undirleit.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti hrút, og hann var grár. :/
Svo skipti hann um lit, og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti líka hund sem oft svaf fast. :/
og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti klár sem Kappi hét. :/
Og ef ég hnakk minn á hann lét,
hann útaf lagðist og stundi og grét.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti fugl sem í búri bjó. :/
Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó
að undir væri leikið á píanó.

Syngjandi hér ...

:/: Ég átti kött sem var klókur og vís. :/
Hann var andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.

Söngur dýranna í Týról

Hann fór í veiðiferð í gær
hann Úlfgang bóndi.
Hann skildi húsið eftir autt
og okkur hér.
Við erum glöð á góðri stund
og syngjum saman
stemmuna sem hann Helmut kenndi mér.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskap hér og sjá.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóúhú
mjá mjá mjá mjá mjá aha ha ha.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóúhú
mjá mjá mjá mjá mjá mjá.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskp hér og sjá.
Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
fyrir löngu.
Hófu saman búskp hér og sjá.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóúhú
mjá mjá mjá mjá mjá aha ha ha.

Jorúloriloíhí
jorúlorilóúhú
mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá
mjá mjá mjá.

Söngur ræningjanna

Við læðumst hægt og hljótt á tám
í hvert sinn sem við rænum.
Í kvenpersónu nú skal ná
því nóg er starf í bænum.
Og hafa skal hún fæði fínt
og finna allt sem nú er týnt.
Já allir að læra að meta það man
ætla Kasper og Jesper og Jónatan.

Og ljónið skal hún leika við
því ljónið má ei saka.
Og hún skal steikja kindakjöt
og kökur fínar baka.
Og bursta okkar skástu skó
og skaffa í eldinn brenni nóg.
Já, við munum læra að meta það man
allir, Kasper og Jesper og Jónatan.

Kveikjum eld

Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátta hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.
Örar blóð, örar blóð
um æðar rennur.
Blikar glóð, blikar glóð,
brestur hátt.

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.
Að logum leikur ljúfasti aftanblær.
Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátta hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.

Það var einn andarungi

Það var einn andarungi,
sem var að drepast úr hungri,
þar sem hann bjó, þar sem hann bjó,
fékk hann síld úr sjó, fékk hann síld úr
sjó.
Honum varð svo illt í maga,
já þetta er skrýtin saga.
Hann síldina ekki vildi,
heldur bara ís og kók.

Við gerum okkar besta

Afi gamli sagði stundum sögur
um sægarpa á kröppum ólgusjó.
Þeir sögðu hver við annan: "Nú liggur lífið
við,
- :/: gerum betur" :/:

Við - gerum okkar - gerum okkar - gerum
okkar - gerum okkar - besta
og aðeins betur ef það er það sem þarf.

Við - látum hendur standa fram úr ermum
(þrisvar)
og ekkert þras.

Síðan voru frænkurnar í firði
á ferð á milli bæja í miðjum mars.
Þá brast á ofsaveður, þær gáfust ekki
upp.
Sögðu - :/: gerum betur :/:

Bíðum ekki hendur með í skauti.
Harkan sex er það sem koma skal
og ef hann blæs á móti, við eigum við því
svar.
Bara :/: gerum betur:/:

Við eigum hvor annan að

Við eigum hvor annan að
eins og skefti og blað
í lífsins skúraveðri.
Hanski og hönd,
hafið og strönd
við eigum samleið ég og þú
eins og vindur og vindubrú.

Andlit og nef,
nefið og kvef,
við hnerrum hjartanlega.
Allt gengur vel
ef þú átt vinarþel.

Stundum fellur regnið strítt,
stundum andar golan blýtt
og svo verður aftur hlýtt.
Sumir kvarta sí og æ
svoleiðis ég skellihlæ.
Allt gengur miklu betur
í vetur,
ef þú getur
kæst með mér kampnum í.

Það verður bjart yfir borg,
bros um öll tong.
Við syngjum sólaröngva
snúðu á hæl,
með þessu mælum við.
Því ekkert jafnast á við það
að eiga góðan vin í stað,
að standa tveir í hverri raun,
eru vináttulaun

Vísurnar um refinn

Ég raula raunakvæði
um refinn sem hér býr.
Í græðgi vill hann gleypa
hin góðu skógardýr.

Já þetta er sorgarsöngur víst
því sagan illa fer.
Hæ fallerafaddi rúllanræ
nú verstur endir er.

Einn dag hann var á veiðum
þar voru músahús..
Þá rak hann gular glyrnur
í gráa litla mús.
"Ég tek þig" sagði tæfan þá
upp trjából músin rann.
Hæ fallerafaddi rúllanræ
hún fylgsni öruggt fann.

Þá varð hann súr á svipinn
og sagði: "Gott hjá þér,
en bíddu bara góða
ég bíða skal þín hér."
Svo tautar hann við sjálfan sig,
"þú síðsta leikinn átt."
Hæ fallerafaddi rúllanræ
"hún bröltir niður brátt."

En Mikki mátti bíða
og músin engu kveið.
Þú heyra skalt hvað skeði
hjá skrögg er vikan leið
þó hungrið alveg ærð' ann
og enga veitti ró.
Hæfallerafaddi rúllanræ
hann datt um koll og dó.

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Vögguvísa

Dagur liðinn, ljósið dvín,
lofum það er færð' ann með sér.
Veröld sefur, vindur hvín,
vefðu þig að brjósti mér.

Það er svo ljúft að geta lokið aftur brá
og látið drauma sína bylgjast til og frá.
Stjarnanna her stafar ljósi á enni þér.

Þú veist að sérhver dagur deyr,
í duftið fellur sérhvert blóm,
og það sem var það er ei meir,
eftir standa orðin tóm.

Þó er svo ljúft að geta lokið aftur brá
og látið drauma sína bylgjast til og frá.
Stjarnanna her stafar perlum á hendur þér.

Ó, mannsins son með haga hönd
og hrollvekjandi lipurt skyn.
Þú munt í býtið brjóta lönd
og berjast við þitt eigið kyn.

Þó er svo ljúft að geta lokið aftur brá
og látið drauma sína bylgjast til og frá.
Stjarnanna her stafar ljósi á enni þér.

Öxar við ána

Öxar við ána,
árdags í ljóma
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána,
skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.

Það er munur að vera hvalur

Það er munur að vera hvalur
og geta siglt um sjóinn
eins og skip, eins og skip,
eins og skip, eins og skip.
Ég er stærsti hvalur í heimi
og ég syndi um með merkilegan svip,
merkissvip, merkissvip,
merkissvip.

Alla fiska sem ég finn,
hvar sem er í hafinu,
borða ég með munninum:

Ýsur og lýsur,
hámerar og vogmerar,
skráplúrur og kolllúrur,
þyrsklinga og bristlinga; hina
snúandi og smjúgandi
dansandi og glansandi ála, ála.

Alla fiska sem ég finn,
hvar sem er í hafinu,
borða ég með munninum.

Ég nestispoka á baki ber

Ég nestispoka á baki ber
og bregð mér upp á fjöll
þar fjöldi álfa fylgja mér
og ferleg hamratröll.

Fallerí, fallera, fallerí,
fallera-ha-ha-ha-ha-ha.
Fallerí, fallera,
og ferleg hamratröll.

Svo líða dagar, líða ár
og lítill verður stór.
En oft man halur hærugrár
hvar hann sem drengur fór.

Það sem ekki má

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti oní skurð.
Ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó.
Ekki tína blómin sem eru úti beði
og ekki segja ráddi, heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið,
það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall.
Ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð.
Ekki fara að hlæja þó einhver sé að detta
og ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið,
það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

Signir sól

Signir sól sérhvern hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð,
blika fjalls í hlíð.
Nú er fagurt flest í dag.
Fuglar syngja gleðibrag.
Sumarljóð, sæl og rjóð,
syngja börnin góð.

Maístjarnan

Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve lengi ég beið þín
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar
það er atvinnupref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Sól sól skín á mig

Sól sól skín á mig
ský ský burt með þig.
Gott fyrir sólina' að gleðja sig
sól sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í bænum,
sveitirnar klæðast feldinum grænum.
Ómar allt lífið af yndi og söng
unaðsbjörtu dægrið löng.

Með sól í hjarta

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut,
í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
og kakó hitum og eldum graut.

Enn logar sólin á Súlnatindi,
og senn fer nóttin um dalsins kinn,
og skuggar lengjast og skátinn þreytist,
hann skríður sæll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í væðarvoðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin,
í takti, einmitt við þetta lag.

Fylgd

Komdu, litli ljúfur,
labbi, pabba stúfur,
látum draumsins dúfur
dvelja inni um sinn.
Heiður er himinninn.
Blærinn faðmar bæinn,
býður út í daginn.
Komdu, kalli minn.

Göngum upp með ánni
inn hjá mosaflánni,
fram með gljúfragjánni
gegnum móans lyng,
heyrirðu hvað ég syng.
Líkt og lambamóðir
leiti á fornar slóðir
innst í hlíðarhring.

Héðan sérðu hafið
hvítum ljóma vafið,
það á geymt og grafið
gull og perluskel,
ef þú veiðir vel.

En frammi á fjöllum háum
fjarri sævi bláum
sefur gamalt sel.

Glitrar grund og vangur,
glóir sund og drangur.
Litli ferðalangur
látta vakna nú
þína tryggð og trú.
Lind í lautu streymir,
lyng á heiði dreymir,
þetta land átt þú.

Hér bjó afi og amma
eins og pabbi og mamma.
Eina ævi og skamma
eignast hver um sig,
stundum þröngan stig.
En þú átt að muna
alla tilveruna,
að þetta land á þig.

Ef að illar vættir
inn um myrkragættir
bjóða svikasættir
svo sem löngum ber
við í heimi hér,
þá er ei þörf að velja,
þú mátt aldrei selja
það úr hendi þér.

Göngum langar leiðir,
landið faðminn breiðir.
Allar götur greiðir
gamla landið mitt,
sýnir hjarta sitt.
Mundu, mömmu ljúfur,
mundu, pabba stúfur,
að þetta er landið þitt.

Sólin skín og skellihlær

Sólin skín og skellihlær,
við skulum syngja lag.
Vetur kaldur var í gær,
en vorið kom í dag.

Fallerí, fallera,
fallerí, fallera-ha-ha-ha-ha-ha,
fallerí fallera,
en vorið kom í dag.

Sumarkveðja

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.
Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár.
Nú fellur heitur haddur þinn
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika á kinn,
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrin löng,
og heim í sveitir sendirðu æ
úr suðri hlýjan blæ.

Þú frjóvgar, gleður, fæðir allt,
um fjöll og dali og klæðir allt,
og gangirðu undir, gjörist kalt,
þá grætur þig líka allt.
Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Undir bláhimni

Undir bláhimni blíðsumars nætur,
barstu í arma mér rósfagra mey,
þar sem döggin á grasinu grætur,
gárast tjörninn í suðrænum þey.
Ég var snortinn af yndisleik þínum,
ástarþráin er vonunum felld.
Þú varst ljósblik á lífshimni mínum,
þú ert ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég skal dansa við þig meðan dunar
þetta draumbliða lag, sem ég ann.
Meðan fjörið í æðunum funar
og af fögnuði hjartans, er brann.
Og svo dönsum við dátt, það er gaman,
meðan dagur í austrinu rís.
Og þá leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.

Við göngum mót hækkandi sól

Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól,
og sjáum hana þíða allt er kól, kól, kól,
:/: sjá vætlurnar streyma
og vetrinum gleyma,
því vorið er komið með sól, sól, sól. :/:

Ó, heill sé þér, bráðláta vor, vor, vor.
Velkomið að greikka okkar spor, spor,
spor,
:/: því ærsl þín og læti
og ólgandi kæti
er æskunnar paradís vor, vor, vor. :/:

Og hjörtu okkar tíðara slá, slá, slá.
Við slöngvum deyfð og leti okkur frá, frá,
frá,
og leggjum til iðin,
í leysingakliðinn
það litla sem hvert okkar má, má, má.

Út um mela og móa

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrir sprellfjörugt la

A a a holleratse hía
holleratse hí hú hú hú
holleratse hía holleratse hí hú hú

hú

holleratse hía holleratsehí hú hú hú
holleratse hía hú

Út um strendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
út um flóa og fjörð.

A a a holleratse ...

Hér er krían á kreiki
hér er krumminn á reiki.
Börnin léttstíg í leiki
fara líka í dag.

Skýin

Við skýin
felum ekki sólina af illgirni,
við skýin
erum bara að kíkja á leiki mannanna.
Við skýin
sjáum ykkur hlaupa í rokinu,
klædd gulum, rauðum, grænum, bláum
regnkápum
eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.
Við skýin erum bara grá
bara grá.
Á morgun kemur sólin,
hvar verðum við skýin þá?

Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um löndin létt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla hlustaðu á,
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
frjálst er í fjalladal.

Þýtur í laufi

Þýtur í laufi, bálið brennur.
Blærinn hvíslar: "sofðu rótt."
Hljóður í hafið röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.
Vaka þó ennþá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur, gaman.
Gleðin, hún býr í fjallasal.

Haust

Við erum haustlaufin
sem leika í golunni.
Fagurrauð, með litla
ósýnilega vængi.
Glettast og láta sig
engu varða
þótt veturinn sé í nánd.

Við áttum okkar sumar,
áttum okkar vor
en núna erum við
rauðglóandi
af ástríðu haustsins.
Við erum haustlaufin...

Vikivakar

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða
- draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
- mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndið þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma
- segðu engum manni hitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Úti er alltaf að snjóa

Úti er alltaf að snjóa
því komið er að jólnunum
og kólna fer í Pólunum.
En sussum og sussum og róa
ekki gráta elskan mín,
þó þig vanti vítamín.
Ávexti eigum við nóga
handa litlu krökkunum
sem kúra sig í brökkunum.
Þú færð í magann þinn mjóa
melónur og vínber fín.

Pótt kinnin þín litla sé kannske soldið köld
og blá,
áttu samt vini sem aldrei bregðast:
Af ávöxtunum skuluð þér nú þekkjja þá.
Sussum og sussum og róa,
ekki gráta elskan mín
þó þig vanti vítamín.
Þú færð í magann þinn mjóa
melónur og vínber fín.

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
:/: Verður margt að meini, :/:
fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
:/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor
ekkert fæst við ströndu mor
:/: svengd er metti mína, :/:
ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
:/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
:/: flaug úr fjallagjótum, :/:
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrir en vakna hjú,
:/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
:/: fyrrum frá á velli, :/:
krunk, krunk, nafnar, komið hér
krunk, krunk því oss búin er
:/: krás á köldu svelli. :/:

Frost er úti....

Höf. ókunn.
Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Strengir

Steinarnir eru strengir,
strengina vatnið knýr.
Gaman það væri' að vita
hvað í vatnsins huga býr.

Hvaðan skyldi það koma
hvert er heitið þess ferð!
Síðar á öldum söngsins
samferða því ég verð.

Lyngið á líka strengi,
leikur blærinn á þá
söngva sorgar og gleði
er í sálum kveikja þrá.

Vorljóð draums og vonar
veröldin syngur öll.
Berast vil ég með blænum
burt yfir hæstu fjöll.

Nú er úti norðanvindur

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
þá mundi ég láta þær allar inn,
elsku bestu vinur minn.
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-
sa.
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-
sa.

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skír og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól
Úmbarassa ...

Elsku bestu stálagrér,
heyrirðu hvað ég segi þér:
"Þú hefur étið úldið smér,
og dálítið af snæri,
elsku vinurinn kæri".
Úmbarassa ...

Þarna sé ég fé á beit,
ei er því að leynd.
Nú er ég kominn upp í sveit
á rútunni hans Steina.
Skilurðu hvað ég meina?
Úmbarassa ...

Höfði stingur undir væng,
hleypur nú á snærið.
Hún Gunna liggur undir sæng,
öll nema annað lærið.
Nú er tækifærið.
Úmbarassa ...

Göngulagið

Þótt gangan sé erfið og leiðin sé löng
við léttum oss sporið með þessum söng.
Ef þung reynist byrgðin og brekkan er há:
Brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís.
Brosum, þá er sigur vís.

Enginn er verri þótt vökni í gegn
og vitaskuld fáum við steypiregn.
Við látum ei armæðu á okkur fá,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð ..

Nú er frost á Fróni

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð.
Kveður kuldaljóð,
Kári' í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakapil
hlær við hríðarbyl
hamragil.

Mararbára blá
brotnar þung og há
unnar steinum á
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
"Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin.
Nú er hann enn að norðan,
næðir kuldaél
yfir móa' og mel,
myrkt sem hel."

Bóndans býli á
björtum þeytir snjá.
Hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hingaskorðan
huggar manninn trautt:
Brátt er búrið autt,
búið snautt.

Þögull þorri heyrir
þetta harmakvein,
en gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:

"Bóndi minn, þitt bú
betur stunda þú.
Hugarhrelling sú
er hart þig þjakar nú,
þá mun hverfa' en fleiri
höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.

Pungt ymur Þorrinn

Sestu hérna, sonur,
sestu mér hjá
meðan þungt ymur þorrinn
þekjunni á.

Þungt ymur þorrinn,
þrengir að með snjó.
Komdu og sestu hérna, sonur.
Þei, þei og ró.

Upp í æfistigann
árin bera þig;
sú kemur, kemur tíðin
að kveður þú mig

Hvert sem leið þín liggur
á landi eða sjó,
sýndu óvild engum manni
Þei, þei og ró.

Liggi lítilmagninn
lágt í öskustó
reisi hönd þín hann á fætur
þei þei og ró.

Engan órétt þoldu;
aldrei láttu þó
þínu hjarta hatrið spilla
þei, þei og ró.

Þungt ymur þorrinn
þrengir að með snjó.
Komdu og sestu hérna, sonur
þei, þei og ró.

Á jólunum er gleði og gaman.

Spænskt þjóðlag. Ljóð: Friðrik Guðni

:/: Á jólunum er gleði og gaman

fúm, fúm, fúm. :/:

:/:Þá koma allir krakkar með

í kringum jólatréð,

þá mun ríkja gleði og gaman,

allir hlæja' og syngja saman

fúm, fúm, fúm.:/:

:/:Og jólasveinn með sekk á baki

fúm, fúm, fúm.:/:

:/:hann gægist inn um gættina

á góðu krakkana,

þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

:/:Á jólunum er gleði og gaman

fúm, fúm, fúm.:/:

:/: þá klingja allar klukkur við

og kalla á gleði og frið,

þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

Fimm mínútur í jól

Er það brúða eða bíll -

bók eða lest?

Þekkir einhver hér

þennan jólagest,

sem læðist um með sekk

- lætur oní skó -

meðan lítil börnin

sofa vært í ró.

Hvíldu höfuð hljótt.

Hlustaðu, það kemur senn jólanótt.

Úti er snjór - úti er kalt -

úti hljóma jólabjöllur yfir allt.

Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin,

börnin fara að hlakka til.

Allir fá þá eitthvað fallett

í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn

vandi er um slíkt að spá.

Eitt er víst að alltaf verður

ákaflega gaman þá.

Bjart er yfir Betlehem

Bjart er yfir Betlehem,

blikar jólastjarna.

Stjarnan mín og stjarnan þín

stjarnan allra barna.

Var hún áður vitringum

vegaljósið skæra.

Barn í jötu borið var,

barnið ljúfa, kæra.

Víða höfðu vitringar

vegi kannað hljóðir.

Fundið sínum ferðum á

fjöldamargar þjóðir.

Barst þeim allt frá Betlehem

birtan undurskæra.

Barn í jötu borið var,

barnið ljúfa, kæra.

Barni gjafir gáfu þeir.

Blítt þá englar sungu.

Lausnaranum lýstu þeir,

lofgjörð drottni sungu.

Bjart er yfir Betlehem

blikar jólastjarna.

Stjarnan mín og stjarnan þín

stjarnan allra barna.

Folaldið mitt...

Folaldið mitt, hann Fákur,
fæddur var með hvítan hóf,
og er hann áfram sentist
öll varð gatan reykjarkóf.
Hestarnir allir hinir
hæddu Fák og settu hjá.
Í stað þess að stökkva í leikinn
stóð hann kyrr og horfði á.

Milli élja á jólakvöld
jólasveinninn kom:
"Fæ ég þig nú, fákurinn,
fyrir stóra sleðann minn?"
Þá urðu klárar kátir,
kölluðu í einni hjörð:
"Fákur með fótinn hvíta
frægur er um alla jörð."

Frá borg er nefnist Betlehem

Frá borg er nefnist Betlehem
kom boðskapur svo hljótt,
er fátæk móðir ferðamædd
í fjárhúsi tók sótt.
Hún fæddi þar sinn fyrsta son
þá fyrstu jólanótt.
Vér boðum þér fögnuð og frið
fögnuð og frið.

Á hæðum gættu hirðar fjár
og heyrðu fögur hljóð,
er herskaranna himnakór
söng hallelújaóð.
Með fögnuði hin fyrstu jól
þeir fluttu sigurljóð.
Vér boðum þér fögnuð ...

Grýlukvæði

Nú er hún Grýla dauð.
Hún gafst upp á að róla sér á
róluvöllum.
Það vildi enginn gefa henni brauð
og hún fékk engan frið fyrir
öskuköllum.

Sem tæma allar öskutunnur
svo tómur er Grýlumunnur
sem tæma allar öskutunnur
svo Grýla fær ekki neitt.

Á endanum hún tók til bragðs að róla
endalaust
hærra og meira en nokkur annar má.
Og þegar hún var komin ofsa ofsa hraða á
þá slepti hún taki og flaug um loftin blá.

Grýla hún lenti upp í Esju
og núna er hún bara til í barnabókunum.
Líka í leiðurum blaða
til að hræða fólk frá hærri og meiri
kaupkröfum.

Grýla gamla er steindauð
og Leppalúði líka.
Krakkar og öskukallar
ráku þau á braut.

Á endanum hún tók til bragðs að róla
endalaust
hærra og meira en nokkur annar má.
Og þegar hún var komin ofsa ofsa hraða á
þá slepti hún taki og flaug um loftin blá.

Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta,
ofan komu af fjöllum.
Í fyrrakvöld þeir fóru að hátta,
fundu hann Jón á völlum.
Andrés stóð þar utan gátta
það átti að færa hann tröllum.
Þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum.

Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf
með gylltan staf í hendi,
móðir þeirra sópar gólf
og hýðir þá með vendi.

Upp á stól stendur mín kannu,
nú nóttum fyrir jól
þá kem ég til manna.

(Jólasveinar ganga um gólf
með gildan staf í hendi,
móðir þeirra hrín við hátt
og hýðir þá með vendi.)

Frá ljósanna hásal

Frá ljósanna hásal, ljúfar stjörnur stara
og stafa um næturhúmið geislakrans.
Fylkingar engla, létt um loftin fara
og ljúfir söngvar hljóma,
um lífsins helgidóma
um eilíft heilagt alveldi kærleikans.
Ó heilaga stjarna, rjúf þú voðans veldi
og varðaðu jarðarbarnsins myrkra stig
Ljósanna faðir lát á helgu kveldi
hvert fávíst hjarta finna
til friðar barna þinna.
Gef föllum heimi ráð til að nálgast þig.

Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólnum,
kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum,
:/: væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla grýla dauð
og gafst hún upp á rólunum. :/:

Skín í rauðar ...

Skín í rauðar skotthúfur
skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að
sjást um allan bæinn.
Ljúf í gleði leika sér
lítil börn í desember,
inn í frið og ró, út í frost og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp
eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun
tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn
kemst hann ekki bæinn inn,
inn í frið og ró, inn úr frosti og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,
stafa geislum björtum.
Norðurljósin loga skær
leika á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér
hýr og glöð í desember
þó að feyki snjór þá í friði og ró
við höldum heilög jólin
heilög blessuð jólin.

Litli trommuleikarinn

Kom, þeir sögðu, parampapampam
oss kóngur fæddur er,
parampapampapam.
Hann hylla allir hér, parampapampam
með heiðurs gjöf frá sér, parampapampam
rapapampam, rapapampam.
Oss það öllum ber, parampapampam, -
einnig þér.

Litli kóngur
ég gjafir engar á
en ljúft er mér ef má,
ég mína trommu slá, param
þér til heiðurs þá - hlusta á.

Heilög móðir,
hann sér á armi þar
og blíð og brosljúf var,
hann brosti sjálfur þar, param...
Ég hélt það samþykkt svar
og svo það var.

Skreytum hús

Skreytum hús með greinum grænum
fa la la la la fa la la la.
Gleði ríkja skal í bænum.
fa la la la la fa la la la.
Tendrum senn á trénu bjarta
fa la la la la la la la la
tendrum ljós í hverju hjarta
fa la la la la fa la la la

Ungir gamlir allir syngja
engar sorgir hugann þyngja
Jólabjöllur blíðar kalla
boða frið um veröld alla.

Jólasveinarnir

Segja vil ég sögu
af sveinunum þeim,
sem brugðu sér hér forðum
á bæina heim.

Þeir uppi á fjöllum sáust,
- eins og margur veit,
í langri halarófu
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir
og gaf þeim tröllamjólk,
en pabbinn Leppalúði,
- það var leiðindafólk.

Þeir jólasveinar nefndust,
- um jólin birtust þeir.
Og einn og einn þeir komu,
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán
þessir heiðursmenn,
sem ekki vildu ónáða
allir í senn.

Að dyrunum þeir læddust
og drógu lokuna úr.
Og einna helst þeir leituðu
í eldhús og búr.

Lævísir á svipinn
þeir leyndust hér og þar,
til óknyttanna vísir,
ef enginn nærri var.

Og eins þó einhver sæi,
var ekki hikað við
að hrekkja fólk - og trufla
þess heimilisfrið.

Stekkjastaur (12. des.)

Stekkjastaur kom fyrstur,
stinnur eins og tré.
Hann laumaðist í fjárhúsin
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,
- þá varð þeim ekki um sel,
því greyið hafði staurfætur,
- það gekk nú ekki vel.

Giljagaur (13. des.)

Giljagaur var annar,
með gráa hausinn sinn.
- Hann skreið ofan úr gili
og skaut í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum
og froðunni stal,
meðan fjósakonnan átti
við fjósamanninn tal.

Stúfur (14. des.)

Stúfur hét sá þriðji,
stubburinn sá.
Hann krækta sér í pönnu,
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu
og hirti agnirnar,
sem brunnu stundum fastar
við barminn hér og þar.

Þvörusleikir (15. des.)

Sá fjórði, Þvörusleikir,
var fjarskalega mjór.
Og ósköp varð hann glaður,
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding

og þvöruna greip,
og hélt með báðum höndum,
því hún var stundum sleip.

Pottaskefill (16. des.)

Sá fimmti, Pottaskefill,
var skrítið kuldastrá.
- Þegar börnin fengu skófir
hann barði dyrnar á.

Þau ruku' upp, til að gá að
hvort gestur væri á ferð.
Þá flýtti' ann sér að pottinum
og fékk sér góðan verð.

Askasleikir (17. des.)

Sá sjötti, Askasleikir,
var alveg dæmalaus. -
Hann fram undan rúmunum
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkið setti askana
fyrir kött og hund,
hann slunginn var að ná þeim
og sleikja á ýmsa lund.

Hurðaskellir (18. des.)

Sjöundi var Hurðaskellir,
- sá var nokkuð klúr,
ef fólkið vildi í rökrinu
fá sér væran dúr.

Hann var ekki sérlega
hnugginn yfir því,
þó harkalega marraði
hjörunum í.

Skyrjarmur - Skyrgámur (19. des.)

Skyrjarmur, sá áttundi,
var skelfilegt naut.

Hann hlemminnn o' n af sánnum
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig
og yfir matnum gein,
unz stóð hann á blístri
og stundi og hrein.

Bjúgnakrækir (20. des.)

Níundi var Bjúgnakrækir,
brögðóttur og snar.
Hann hentist upp í rjáfrin
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbita sat hann
í sóti og reyk
og át þar hangið bjúga,
sem engan sveik.

Gluggagægir (21. des.)

Tíundi var Gluggagægir,
grályndur mann,
sem laumaðist á skjáinn
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni
álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.

Gáttapefur (22. des.)

Ellefti var Gáttapefur,
- aldrei fékk sá kvef,
og hafði þó svo hlálegt
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauði
upp á heiðar fann,
og léttur, eins og reykur,
á lyktina rann.

Ketkrókur (23.des.)

Ketkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag. -
Hann þrammaði í sveitina
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í tutlu,
þegar kostur var á.
En stundum reyndist stuttur
stauturinn hans þá.

Kertasníkir (24. des.)

Þrettáandi var Kertasníkir,
- þá var tíðin köld,
ef ekki kom hann síðastur
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,
sem brostu, glöð og fín,
og trítluðu um bæinn
með tólgarkertin sín.

Á sjálfa jólanóttina,
- sagan hermir frá, -
á strák sínum þeim sátu
og stöðu ljósinn á.

Svo tíndust þeir í burtu,
- það tók þá frost og snjór.
Á Þrettáandanum síðasti
sveinstaulinn fór.

Fyrir löngu á fjöllumum
er fennt í þeirra slóð.
- En minningarnar breytast
í myndir og ljóð.